

## Sögunefnd Keflavíkur

### 5. fundur haldinn miðvikudaginn 6. nóvember 2019 kl. 17.00 í Byggðasafni Reykjanesbæjar

Mættir: Kristinn Þór Jakobsson formaður, Árni Jóhannsson, Erla Guðmundsdóttir, Ragnhildur Árnadóttir, Stefán Jónsson og Eiríkur P. Jörundsson, safnstjóri Byggðasafnsins, sem ritaði fundargerð.

#### 1. Staða mála

Formaður fór yfir stöðuna og skýrði frá því að ekki yrði af ráðningu Eiríks P. Jörundssonar sem höfundar verksins, eins og til stóð. Eiríkur sagði ástæðu þess að hann gæti ekki tekið verkið að sér vera fyrirsjáanlegt annríki í starfi safnstjóra Byggðasafnsins. Hann skýrði frá því að vinna við ljósmyndapáttinn væri komin vel af stað, búið væri að koma upp aðstöðu í Byggðasafninu og kaupa hágæða skanna til verksins. Oddgeir Karlsson ljósmyndari og Hulda Björk Þorkelsdóttir hafa unnið í haust að skönnun og skráningu mynda sem munu nýtast útgáfunni vel. Fundarmenn voru sammála um að mikilvægt sé að halda þessari vinnu áfram, enda ljóst að myndapátturinn mun skipta miklu máli við útgáfuna og söguvefinn. Samþykkt að veita allt að 2 m.kr. af fjárframlögum þessa árs til að halda vinnu við myndapáttinn gangandi.

#### 2. Ráðning höfundar

Ýmsar hugmyndir ræddar varðandi það hvernig heppilegast sé að standa að ráðningu höfundar að verkinu. Samþykkt að fela formanni að hafa samband við framkvæmdastjóra Reykjavíkur Akadémíunnar, félag sjálfstætt starfandi fræðimanna, og kanna hvort þar megi finna höfund að verkinu.

#### 3. Önnur mál

Engin mál tekin fyrir.

#### 4. Næsti fundur

Ákveðið að formaður boði til næsta fundar þegar staðan varðandi ráðningu höfundar skýrist.